



**Fundargerð 420. fundar í Þingvallanefnd
19. janúar 2016**

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 19. janúar kl. 11.30. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Unnur Brá Konráðsdóttir, Oddný Harðardóttir, Svandís Svavarsdóttir, Birgir Ármannsson og Haraldur Einarsson.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldson þjóðgarðsvörður, Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofustjóri og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Gestir frá Gagarín mættu vegna 4 dagskrárliðar, Bríet Friðbjörnsdóttir og Hringur Hafsteinsson ásamt fræðslufulltrúa þjóðgarðsins Einari Á. Sæmundsen.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Hraðhleðslustöð fyrir rafbíla á Þingvöllum.
Þingvallanefnd samþykkir að setja upp hraðhleðslustöð fyrir rafbíla á Haki á Þingvöllum.
2. Erindi vegna matsöluvagns á Þingvöllum.
Lagt var fram erindi dags. 18.1.2016, þar sem óskað er eftir leyfi til að reka Sushivagn í þjóðgarðinum.
Erindinu var hafnað.
3. Bílastæðagjald, samráð við ferðapjónustu og erindi þeirra sbr. bréf til formanns Þingvallanefndar.
Lagt var fram bréf frá Samtökum ferðapjónustunnar dags. 26. nóvember 2015 til formanns Þingvallanefndar. Samtökin fara fram á að boðuð bílastæðagjöld sem taka eiga gildi frá og með 1. febrúar nk. verði frestað, vegna skamms fyrirvara.

Þingvallanefnd samþykkti í apríl 2015 að bílastæðagjald yrði tekið á Þingvöllum.

Þjóðgarðsvörður upplýsti um að haldnir hafi verið fundir með ferðapjónustuaðilum sl. vikur.

Þingvallanefnd samþykkir að fresta gjaldtöku til 1. maí 2016 og mun þá vera farið af stað með samþykta gjaldskrá.

Þingvallanefnd mun boða Samtök ferðapjónustunnar á fund til sín til að ræða samstarf.

4. Ný og umfangsmeiri sýning í gestastofu.
Bríet Friðbjörnsdóttir og Hringur Hafsteinsson sýningarhönnuðir frá Gagarín kynntu hugmyndir að nýrri sýningu í gestastofu.
Þingvallanefnd er velviljuð áframhaldandi vinnu Gagaríns.
5. Framsal lóðarleiguréttinda og boð um forkaupsrétt, Neðristígur 10.
Tekið var fyrir erindi eigenda að sumarhúsi að Neðristíg 10 um heimild til framsals lóðarleiguréttinda og sölu á sumarhúsi til erlendra aðila, búsettra í USA. Bréf innanríkisráðuneytis dags. 5.11.2015 var lagt fram.
Einnig var lagt fram vinnuskal frá lögmannsstofunni LEX dags. 18. janúar 2016. Var LEX falið að setja upp drög að svarbréfi til eigenda sumarhússins þar sem erindinu yrði hafnað.

Endanlegri ákvörðun frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.